



## Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur Sprettis 13. ágúst 2024, fundur hófst kl 20:00.

**Staður:** Fundarherbergi Sprettis

Mættir eru: Jónína Björk Vilhjálmsdóttir, Hermann Vilmundarson, Haraldur Pétursson, Katla Gísladóttir, Davíð Áskelsson, Lárus Sindri Lárusson, Sigurbjörn Eiríksson

### 1. Salurinn

Rætt var um fyrirkomulag á greiðslum fyrir salinn og bókun á þeim. Búið verður til samningsblað þar sem komi allir kostnaðarliðir sem snúa að leigunni eins og staðfestingagjald, dúkar, þrif o.fl. Þar þurfa að koma fram nauðsynlegar upplýsingar um nafn leigjanda, kennitölu og símanúmer. Það þarf að búa til viðburðarlýsingu fyrir viðburði sem haldnir eru á vegum Sprettis þannig frágangur á salnum verði eins og við viljum.

### 2. Fjármál félagsins

Stilla þarf upp rekstraráætlun fyrir öll félög í eigu Sprettis. Mikilvægt að gera raunhæft kostnaðarmat fyrir alla viðburði sem haldnir eru á vegum félagsins. Farið yfir samantekt á föstum kostnaði frá gjaldkera, mjög góð og gott innleg inn í reksturinn.

### 3. Starfsmannamál

Farið yfir stöðu á starfsmannamálum og næstu skref rædd.

### 4. Rekstur félagsins

Sigurbjörn sendi stjórn spurningar fyrir fundinn, spurningarnar snéru að því hvort útbúin hafi verið viðskiptaáætlun af síðustu stjórn fyrir spóna og taðþjónustuna sem og afkomu þessarar þjónustuþátta, kaup á dráttarvélum og aðgengi að pósthólfum. Davíð svaraði þessum spurningum nokkuð ítarlega og skapaðist umræða um málefnið.

Verið er að fara yfir tekjur og gjöld á taðþjónustunni og spónaþjónustunni og ákveðið að búa þarf til raunhæfa viðskiptaáætlun fyrir þessa liði ef bjóða á þessu þjónustu áfram.

Rætt um að búa til nýtt fyrirkomulag á reiðhallarlyklum til að minnka umsýslu. T.d. bjóða upp á 3, 6, 9 og 12 mánaða áskriftir. Haldið verður áfram með þessa umræðu síðar.

### 5. Önnur mál

Rætt um að fá pappagám í viðbót við almennan gám sem er til staðar.

Félagsfundur verður haldin um miðjan september.

Rætt um einhverskonar punktakerfi fyrir sjálfboðaliða Sprettis.

Fundi slitið kl. 22:40

Fundargerð ritaði Haraldur Pétursson